



Ástvinir þakka vináttu og samúð

Viðstöddum er boðið að þiggja
veitingar í safnaðarheimili
Bústaðakirkju að
athöfn lokinni

Prestur: Séra Hjörtur Magni Jóhannsson
Organisti: Gunnar Gunnarsson
Einsöngur: Bergþór Pálsson
Kór: Voces Masculorum
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa



Kristinn R. Guðmundsson

Fæddur 14. nóvember 1935
Dáinn 22. október 2025

Útför frá Bústaðakirkju
4. nóvember 2025 kl. 13:00

Forspil

Ave Maria

- Franz Schubert

Bæn

Heyr himnasmiður

Heyr himnasmiður
hvers skáldið biður.
Komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heiti' eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig.
Minnst mildingur mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjarta borg.

Gæt, mildingur mín,
mest þurfum þín,
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
málsefni fögur.
Öll er hjálp af þér
í hjarta mér

- Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson

Ritningarlestur

Heyr mína bæn

Heyr mína bæn mildasti blær
Berðu kveðju mína' yfir höf
Syngdu honum saknaðarljóð
Vanga hans blítt vermir þú sól
Vörum mjúkum kysstu hans brá
Ástarorð hvísla mér frá

Syngið þið fuglar,
ykkar fegursta ljóðaval
Flytjið honum, í indælum óði,
ástarljóð mitt

Heyr mína bæn bára við strönd
Blítt þú vaggar honum við barm
Þar til svefninn sigur á brá
Draumheimi í, dveljum við þá
Daga langa, saman tvö ein
Heyr minar bænir og þrá

- Ólafur Gaukur / Mario Panzeri

Guðspjall



Einsöngur og kór

Líttu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
Hverju orði fylgir þögn
Og þögnin hverfur alltof fljótt

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
Skaltu eiga við það mikilvægan fund
Því að tár sem þerrað burt
Aldrei nær að græða grund

Líttu sérhvert sólarlag
Sem þitt hinsta væri það
Því morgni eftir orðinn dag
Enginn gengur vísum að

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr
Því skaltu fanga þessa stund
Því fegurðin í henni býr

- Bragi Valdimar Skúlason

Minningarorð

Hvert örstutt spor

Hvert örstutt spor var auðnuspor með þér,
hvert andartak er tafðir þú hjá mér
var sólskinsstund og sæludraumur hár,
minn sáttmáli við guð um þúsund ár.

Hvað jafnast á við andardráttinn þinn?
Hve öll sú gleði er fyrr naut hugur minn,
er orðin hljómlaus utangátta og tóm
hjá undrinu að heyra þennan róm.

Já, vita eitthvað anda hér á jörð
er ofar standi minni þakkargjörð,
í stundareilífið eina sumarnótt,
ó alheimsljós, ó mynd sem hverfur skjótt.

- Halldór Laxness / Jón Nordal

Bæn og Faðir vor

Einsöngur og kór

Kveðja

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta, skæra
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slit sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Drottinn, minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni.

Farðu í friði, vinur minn kær,
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.

- Bubbi Morthens

Faðir minn, láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt hjarta
vekja hann með sól að morgni.

Moldun

Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil svo ég sofi rótt.

- Sveinbjörn Egilsson / Peter C. Krossing

Blessun

Eftirspil

Ég veit þú kemur

- Ási í bæ / Oddgeir Kristjánsson